

56. fundur hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 14. mars og hófst hann kl. 09:00.**Fundinn sátu:**

Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson, Nanna Jónsdóttir, Elín Grétarsdóttir og Egill Sigurðsson. Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

Dagskrá

1. Landsvirkjun kynning, Orkusvið – Þjósársvæði
2. Lánasamningur, Lánasjóður sveitarfélaga
3. Fjármál og áætlun, heimild til töku yfirdráttar
4. Fundargerðir
5. Erindi til hreppsnefndar
6. Landgræðsla Ríkisins, afgreiðsla umsóknar til Landbótasjóðs 2018
7. Næsti fundur hreppsnefndar

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og leitaði afbrigða að bæta við undirliðnum g) Fundur fjallskiladeildar Holtamannafréttar haldinn 13. mars sl. við dagskrárlið 4. Samþykkt.

Gengið til dagskrár:**1. Landsvirkjun kynning, Orkusvið – Þjósársvæði**

Undir þessum lið mætti Olivera Ilic frá Landsvirkjun og kynnti rekstur Þjósársvæðisins.

2. Lánasamningur, Lánasjóður sveitarfélaga

Á 55. fundi hreppsnefndar var samþykkt lántaka vegna uppgjors launagreiðenda til A deildar Brúar lífeyrissjóðs vegna breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997. Nú liggur fyrir endanlegt uppgjör og er lánasamningur Áshrepps við Lánasjóð sveitarfélaga ásamt greiðsluáætlun lagt fram til kynningar. Lánsfjárhæð er kr. 8.900.000 til 16 ára.

3. Fjármál og áætlun, heimild til töku yfirdráttar

Lagt fram gróft yfirlit úr rekstirnum það sem af er árinu. Hreppsnefnd samþykkir að óska eftir allt að 20 mkr. fyrirgreiðslu hjá Arion banka í formi yfirdráttarheimildar til 6 mánaða og felur sveitarstjóra að framfylgja beiðninni. Sveitarsjóður Ásahrepps ábyrgist fyrirgreiðsluna. Samþykkt.

4. Fundargerðir**a) 52. fundur félagsmálanefndar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs. haldinn 15. febrúar sl. liður II þarfnast umfjöllunar**

Liður II. Önnur mál

1. Reglur um fjárhagsaðstoð hjá félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu.

Bókun: Félagsmálanefnd fer yfir uppfærðar reglur og samþykkir fyrir sitt leyti.

Hreppsnefnd samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti.

2. Tillaga um hækkun á greiðslu til stuðningsfjölskyldna í málaflokki fatlaðs fólks og barnavernd.

Bókun: Félagsmálanefnd les yfir tillögur og samþykkir fyrir sitt leyti.

Hreppsnefnd samþykkir hækkunina fyrir sitt leyti.

b) 151. fundur skipulagsnefndar haldinn 22. febrúar sl.

Lagt fram til kynningar.

c) 50. fundur stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs., haldinn 22. febrúar sl.

Lagt fram til kynningar.

d) 152. fundur skipulagsnefndar haldinn 8. mars sl., liður 10 þarfnast umfjöllunar

Liður 10. Ás 1 spilda 2 (Faxaborg) Inr 220760: Ný íbúðar- og hesthúsalóð: Deiliskipulagsbreyting – 1711034

Lögð fram að lokinni grenndarkynningu tillaga að breytingu á deiliskipulagi sem nær til landsins Ásborgar og tveggja spilda úr landi Áss. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir nýrri rúmlega 2 ha lóð úr landinu Ás 1 spilda 2 (Inr. 220760) þar sem heimilt verði að byggja 100 fm íbúðarhús og 300 fm útihús/skemmu.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt. Gert er ráð fyrir að lóðin fái heitið Laufásvegur 4.

Hreppsnefnd staðfestir bókun skipulagsnefndar.

e) 22. fundur stjórnar Odda bs. haldinn 9. mars sl. liður 1 þarfnast umfjöllunar

Liður 1. 1801005 - Uppgjör lífeyrismála – Brú

Lagður fram lánasamningur við Lánasjóð sveitarfélaga um lán að höfuðstólsupphæð kr. 97.343.135 með útborgunarupphæð kr. 96.000.000. Lánið er til 38 ára, uppgreiðanlegt eftir 16 ár. Vextir eru 2.5% og fyrstu 2 árin eru einvörðungu greiddir vextir. Tillaga um að samþykkja lántökuna og óska eftir því við eigendur að ábyrgjast lánið.

Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjórn samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundi að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 1. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Odda bs hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstólsfjárhæð allt að kr. 97.343.135, með útgreiðslufjárhæð allt að kr. 96.000.000, með lokagjalddaga þann 15. nóvember 2055, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér. Nær samþykki sveitarstjórnar jafnframt til undirritunar lánasamnings og að sveitarfélagið beri þær skyldur sem þar greinir.

Er lánið tekið til uppgjors við Brú lífeyrissjóð sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Nönnu Jónsdóttur, kt. 040680-3069, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. sveitarfélagsins að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Samþykkt.

f) 30. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs. haldinn 27. febrúar sl. liður 3 þarfnast umfjöllunar

Liður 3. Framtíðarsýn Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla og V-Skaftafellssýslu bs.

Skv. framlögðum gögnum hafa forstöðumenn beggja deilda gert greinargerð varðandi framtíðarsýn á rekstri byggðasamlagsins (hjálagt fundargerð) og er niðurstaða þeirra beggja að starfsemi yrði betur komið í aðskildum byggðasamlögum enda um ólíka starfsemi að ræða. Einnig hefur verið leitað upplýsinga varðandi kostnað við bókhald og endurskoðun samlagsins með tilliti til skiptingar sem yrði óveruleg aukning á kostnaði skv. upplýsingum KPMG núverandi þjónustuaðila (hjálagt fundargerð).

Í ljósi framlagðra gagna og umræðu fundarins leggur formaður stjórnar fram tillögu um að samlaginu verði skipt upp í Félagsþjónustu annars vegar og Skólaþjónustu hins vegar og vísar þeirri umræðu til sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna Tillagan samþykkt með þremur atkvæðum SHG, LE og BJJ samþykkja tillögunu. PHG situr hjá. ABB er á móti og bókar:

Óskaði eftir að afgreiðslu tillögunnar yrði frestað, sú tillaga var felld með þremur atkvæðum. Get ekki fallist á tillögu um að slíta byggðasamlagi og reka félagsþjónustu og skólaþjónustu sem aðskildar stofnanir. Þau atriði sem koma fram í rökstuðningi forstöðumanna snúa fyrst og fremst að skipulagi

Hreppsnefnd

og ætti að vera hægt að ráða bót á þeim. Til að koma til móts við beiðni forstöðumanna er eðlilegast að það fari fram óháð úttekt á rekstri stofnananna og þá fyrst er hægt að spá til um hvort breytinga sé þörf og þá hverjar.

Hreppsnefnd styður ákvörðun meirihluta stjórnar með fyrirvara um að boðað verði til fundar stjórnar og forsvarsmanna aðildarsveitarfélaganna um fyrirkomulag þjónustunnar og mögulega óháða úttekt á rekstri byggðarsamlagsins.

g) **Fundur fjallskiladeildar Holtamannafréttar haldinn 13. mars sl. liður 1 þarfnast umfjöllunar**

Liður 1.

Heildarkostnaður við leitir 2017 án húsnæðis 3.831.244,-.

Hlutur Ásahrepps 2.189.282,-.

Hlutur Rangárþings Ytra 1.641.962,-.

Tillaga að álagningu fjallskila:

Gjald fyrir land verður 11.834,-.

Gjald fyrir rekna kind 268,-.

Gjald fyrir ásett fé 268,-.

Hreppsnefnd staðfestir tillögu fjallskiladeildar að álagningu.

5. Erindi til hreppsnefndar

a) **Beiðni um styrktarlínu frá Neistanum, styrktarfélagi hjartveikra barna**

Samþykkt að kaupa styrktarlínu kr. 9.000.- bókast á lið 02-80 ýmsir styrkir.

b) **Beiðni um umsögn sveitarfélaga við drögum að Áfangastaðaáætlun DMP (e. Destination Management Plan) Suðurlands**

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirbyggjandi áætlun.

c) **Styrkbeiðni frá Flugbjörgunarsveitinni Hellu vegna kaupa á sjúkrabúnaði**

Samþykkt að veita styrk kr. 100.000.- bókast á lið 0-42.

d) **Fyrirspurn frá Jakobi S. Þórarinssyni í Áskoti um lokun á almennri umferð um leið milli Ásmundarstaða og Áshverfis. Í fyrirspurninni er óskað eftir upplýsingum um aðkomu sveitarfélagsins og Eydísar Indriðadóttur, fyrrverandi oddvita Ásahrepps og bónda í Ási, að lokuninni.**

Á 55. fundi hreppsnefndar var sveitarstjóra falið að afla gagna um málið. Ekki hafa fundist neinar formlegar bókanir/gögn um leiðina hjá skipulags- og byggingarfulltrúa hreppsins en leiðin er ekki merkt inn á gildandi aðalskipulag hreppsins, en var á eldra aðalskipulagi Ásahrepps. Samkvæmt upplýsingum frá skipulagsráðgjöfum þá lögðu þeir til að reiðleiðin yrði áfram í aðalskipulaginu á milli Ásmundarstaða og Áshverfis, í samræmi við eldra aðalskipulag. Landeigandi og þáverandi oddviti lagðist gegn því og tók stýrihópur aðalskipulags (þáverandi hreppsnefnd) undir þá niðurstöðu. Hreppurinn hafði enga aðkomu að lokun landeiganda á reiðleiðinni.

6. Landgræðsla Ríkisins, afgreiðsla umsóknar til Landbótasjóðs 2018

Alls bærust sjóðnum 87 umsóknir. Ákveðið hefur verið að veita Ásahreppi styrk fyrir 2.180.000 kr. fyrir áburði til dreifingar á 192 ha á Holtamannafrétti.

Samþykkt að vísa erindinu til afgreiðslu í fjallskiladeild Holtamannafréttar.

7. Næsti fundur hreppsnefndar

Næsti fundur hreppsnefndar verður haldinn miðvikudaginn 11. apríl nk. kl. 09:00 á skrifstofu Ásahrepps á Laugalandi.

Til kynningar:

- A. Vorfundur Landsnets
- B. 530 fundargerð SASS og Orkunýtingarstefna SASS

Hreppsnefnd

- C. Áréttng vegna skila á ársreikningum/sundurliðun rekstrar og athygli vakín á nýjum lykllum
- D. Til umsagnar 200. mál frá nefndasviði Alþingis
- E. Aðalfundur Lánasjóðsins - 23. mars 15:00 - Grand Hótel RVK
- F. Frá nefndasviði Alþingis - 236. mál til umsagnar
- G. Sambandið, staða persónuverndarmála
- H. Útfærsla launaþróunartryggingar _ hækku launatöflu um 1,4% frá 1. janúar 2018
- I. Frá nefndasviði Alþingis - 178. mál til umsagnar
- J. Skráning á kynningarfund 22. mars nk. um handbók um íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttöku íbúa
- K. Uptaka af málþingi ÖBÍ: Falinn fjársjóður? -sérskólar, kostir og gallar
- L. Erindi vegna breytinga á mannvirkjalögum
- M. Útfærsla launaþróunartryggingar fyrir tímabilið 2013-2017 samkvæmt rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins
- N. Drög að landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum
- O. Frá nefndasviði Alþingis - 190. mál
- P. Sambandið, ráðstefna um jafnrétti, fjölbreytileika og þátttöku allra
- Q. Vísindadagur OR 2018
- R. Frá nefndasviði Alþingis - 179. mál til umsagnar
- S. Frá nefndasviði Alþingis - 90. mál til umsagnar
- T. Skipan fagráðs eineltismála í grunn- og framhaldsskólum
- U. Virkjun vindorku á Íslandi, stefnumótunar- og leiðbeiningarrit
- V. Umsóknir í Uppbyggingasjóð Suðurlands
- W. Ráðstefna fyrir þá sem hafa áhuga á norrænu sveitarfélagasamstarfi
- X. Bréf til sveitarstjórna frá Kjörnefnd Lánasjóðs sveitarfélaga
- Y. Til umsagnar 52. mál frá nefndasviði Alþingis
- Z. Aðalfundur og árshátíð Markaðsstofunnar 13. apríl nk.
- AA. Handbók um íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttöku íbúa
- BB. Sumarstörf fyrir háskólamenntaða með fjárstuðningi frá Vinnumálastofnun
- CC. Frá nefndasviði Alþingis - 35. mál til umsagnar
- DD. Frá nefndasviði Alþingis - 128. mál til umsagnar
- EE. Frá nefndasviði Alþingis - 133. mál til umsagnar
- FF. Frá nefndasviði Alþingis - 42. mál til umsagnar
- GG. Frá nefndasviði Alþingis - 34. mál til umsagnar
- HH. Tilkynning um aðalmeðferð í máli nr. E-139/2017 gegn Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og íslenska ríkinu
- II. Uppgjör sveitarfélaga við Brú lífeyrissjóð vegna laga nr. 127/2016
- JJ. mótvægisáðgerðir vegna Sporðöldulóns 2017

Fundargerð yfirlésin, samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 12:33

Elín Grétarsdóttir (sign)

Brynja Jóna Jónasdóttir (sign)

Karl Ölvisson (sign)

Egill Sigurðsson (sign)

Nanna Jónsdóttir (sign)